

36. fundur hverfisnefndar Holtá- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 6. 4. 2010.

Mættir: Ingvar Þóroddsson, Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Aldís Einarsdóttir og Valbjörg Fjólmundsdóttir.

Fundarefni

Aðalfundur hverfisnefndar

Þótti takast mjög vel. Komu fram tvær tillögur varðandi fundinn sem fundarmenn ætla að lagfæra fyrir aðalfund að ári.

Fyrirspurn í tölvupósti

barst frá Helgu Aðalgeirsdóttur þann 10. mars 2010 varðandi snjósmokstur í hverfinu. Var greint frá þessari fyrirspurn á aðalfundinum en svara verður leitað hjá Akureyrarbæ. Sjá ýmis málefni.

Ýmis málefni

Ræddu nefndarmenn ýmis málefni varðandi næstu verkefni hjá nefndinni. Ákveðið var að senda fyrirspurnir í tölvupósti til Akureyrarbæjar varðandi ýmis mál s.s. göngustíg meðfram Gleránni, akstur bifreiða á göngustíg við Þórsvöll, snjósmokstur og fleira. Ingvar tekur þetta að sér.

Berglind ætlar að leita ýmissa svara vegna hundahalds í hverfinu og Aldís svara vegna athugunar á bílbeltanotkun barna á leikskólum í hverfinu.

Þá kom Aldís með útprentun á athugun um bílaumferð á tilteknum götum í hverfinu. Hægt er að nálgast svona skjal hjá Akureyrarbæ ef íbúar hverfisins óska eftir því. Mjög áhugavert var að skoða þessar tölur.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 4. maí 2010 klukkan 18:00 í Glerárskóla.

Ritað 6. apríl 2010

Brynja Sig.